

Hann er ættaður úr Hafnarnesi í Fáskrúðsfirði og var þar alllengi.

Margar eru skrítnar sögur af Kristjáni, þótt ég kunni aðeins frá fáum að segja.

Þegar hann flutti frá Hafnarnesi að Vattarnesi lét hann selja hús sitt í Hafnarnesi við opinbert uppboð, ásamt einhverju fleiru dotti. Seldi það Magnús sýslumaður Gíslason. Þegar komið var eitthver lítilsháttar boð í húsið hnippir Kristján í sýslumann, en það er kækur hans að gefa mönnum olnbogaskot, þegar hann þykist segja eitthvað hnittið eða viturt og er oft betra að vara sig á því ef maður stendur naumt á vegbrún eða utarlega á bryggju, því hann fylgir vel eftir og hefir það stundum legið við slysi. Nú, hann hnippir í sýslumann og segir: "Sláðu það sýslumaður." Sýslumaður heldur áfram að bjóða því hann vænti herra boðs. Eitthvað er boðið herra. "Sláðu það nú" segir Kristján ennþá ákafari. En sýslumaður heldur áfram uppboðinu enda hækka nú boðin. Verður Kristján þá alveg æfur, rekur sýslumanni rokna olnbogaskot og æpir: "Sláðu það, sláðu það, sýslumaður, í guðs almáttugs beinum sláðu."

Kristján var sjósóknari mikill og hefir tvívegis farið á opnum róðrabát út að Geirfuglaskerjum eða Hvalbak sem líka er kallað, er það sem kunnugt er langt undan landi og víst einsdæmi að þangað hafi verið farið öðruvísi en á vékbátum. Vel hefir honum þó tekist til með þessa dirfsku sína. Sagt er að ekki hafi hann haft með sér áttavita, enda mundi honum lítið gagn hafa verið að því. Í fyrra sinni er þeir komu þangað - annar maður var með honum úr Hafnarnesi - var þoka þegar þeir komu að skerjunum og kentur þeir á boða eða blindskeri, en sem vel flaut yfir. "Hér skulum við leggjast", sagði Kristján þegar hann varð var við grynninguna, og þar lögðu þeir sig til svefns í bátinum. Og ekki var það hyggindum Kristjáns að þakka að ekki braut boðinn og þeir færust þar.

Svo komst Kristján að orði að hann hefði tvívegis farist á sjó, en tvisvar hafði hvolft undir honum, en verið bjargað.

Son einn á Kristján, sem Jóhann heitir. Þegar sveinninn var um eða kominn yfir fermingu var Kristján eitt sinn spurður að því hversvegna hann lofaði syni sínum aldrei með sér í kaupstað, því jafnaðarlegast var hann sjálfur á ferðinni ímíst í Eskifjarðar eða Búðakaupstað. "Ég veit sosum ekki hvað hann Jói minn ætti að gera inn í kaupstað, hann sem hvorki hefir komið í þennan heim eða annan".

Dóttur átti Kristján líka og er hún gift Guðmundi Sigurðssyni, sem líka býr á Vattarnesi. Þótti Kristjáni góðar tengdirnar fyrst, en kólnaði heldur síðar. Sagði Kristján eittsinn svo frá hve nákvæmur Guðmundur væri við konu sína, að er þau voru á engjum einu sinni kenndi hún léttasóttarinnar. "Tók þá Guðmundur hana og bar hana alla leið heim og lagði hana lim fyrir lim upp í rúm." Seinna sagðist honum svo frá að mikill bífaður kunsill væri Guðmundur á Vattarnesi fyrst hefði hann tekið af sér dóttur sína og síðan haft af sér í mörgu og nú væri hann búinn að taka af sér skekktuna líka "og það þykir mér allra verst".

Hús byggði Kristján sér á Vattarnesi og var það gert úr steinsteypu. Vann hann að því sjálfur og steypiti alla fjóra veggina heila upp úr. Þótti mönnum það kátleg byggingaraðferð og spurðu hann hvar ljósið ætti að komast inn. Skilurðu það ekki asinn, sagði Kristján "ég set glugga á þakið". "Naumast verður þó bjart niðri við það" "O, ég held það geti skreiðst ofan um uppgönguna". En með því að honum gekk illa að komast inn í húsið varð það úr að hann hjó á veggina dyr og glugga.

Þegar Kristján var í Hafnarnesi byggði hann sér hjall stóran og sagði hann að hjallurinn væri þrjár álnir fyrir ofan ris. Seinna fauk hjallurinn og sagði Kristján þá að ef hann hefði verið svolítið stærri hefði hann stráðropið alla Fáskrúðsfirðinga.

Ændurnir á Vattarnesi, Einar Indriðason og Þorsteinn Hálfðanesson fóru í fyrra vetur skammtiferð til Færeyja, en þeir þekktu marga Færeyinga, sem jafnan hafa uppsátur á Vattarnesi á sumrum. Þegar þeir lögðu af stað utan vantaði sauð sem Þorsteinn átti og kallaður var Flekkur. Það þótti Þorsteini verst að Flekkur var ófundinn þegar hann fór og hitt að óborin var kýr sem hann átti og Skjalda hét, en ekki tjóaði að fresta ferðalaginu. Þegar þeir komu heim aftur fóru þeir með bát frá Eskifirði út að Vattarnesi. Þegar sást til bátsins þyrptist heima-fólk niður að sjónum til þess að taka á móti langferðamönnum. Áður en báturinn var kominn að kallaði Þorsteinn til fólksins og spurði það óðar, án þess að kasta kveðju á nokkurn mann; hvort Flekkur væri fundinn og hvort Skjalda væri borin. Í stað þess að svara þeim spurningum spurði Hálfðan sonur Þorsteins á móti hvar þeir hefðu gisti í Færeyjum. Kristján Sveinsson var og þar og þótti skrítnar kveðjurnar. Gerði hann kvæði út af öllu saman og bjó til lag við það sjálfur. Þótti mörgum það óborganleg skammtun að heyra Kristján syngja þetta, enda var hann allóspar á það.

"Kvæðið" er svona, en lagið er því miður ekki til á nótum og er það þó þess virði:

Maður er nefndur Bjarni, hann er Eiríksson og ættaður af Fljótsdalshéraði. Hann nam á yngri árum búfræði af Torfa heitnum í Ólafsdal og var síðan jafnan kallaður Bjarni búi. Nú er hann (1929) á Eskifirði og stundar ýmsa atvinnu. Drengur er hann góður kallaður en fljótfær nokkuð og mikilvirkur í frásögnum einkum um sjálfan sig, hafa menn hent gaman nokkuð af ýmsum frásögnum hans. Hér skulu sagðar nokkrar af sögum hans, svo sem hann hefir frá sagt.

Þegar Bjarni var í Ólafsdal átti eitt sinn að slátra griðungi miklum sem Torfi átti og var maður fenginn til að svæfa hann. Bolinn var öflugur mjög og svo feitur að ekki náði svæfingarjárnid inn úr spikinu og varð tudda ekki meint af en ærðist við sársaukann. Bar þá Bjarna þar að. Bjarni átti ~~XXXXXX~~ laghníf góðan en ekki mundi blaðið þó lengra svæfingarjárninu. Eigi að síður réðist Bjarni að bola og vildi freista að svæfa hann. Ekki var griðungnum haldið. Hljóp nú Bjarni í loft upp og keyrði hnífinn sem hann mátti í hnakka tuddans og svo fylgdi hann eftir að skaftið sökk á kaf og hvarf hnífurinn með öllu. Boli reisti sig hátt við lagið og þeytti Bjarna hátt í loft upp og vildi það honum eitt til lífs að hann kom klofvega ofan á hrygginn á bola, sem þá var og dauður. Var svo griðungurinn gerður til. "En það þótti mér verst" sagði Bjarni, að hnífurinn fannst aldrei".

Ég hygg það líka hafa verið vestur þar, sem Bjarni var einusinni í brúðkaupsveizlu. Var þar fjölmenni. Á leiðinni heim skall á blindhríð með kafaldi. Skifti þá veizlufólkið sér í flokka og var foringi fyrir hverjum flokki, þeir sem helzt var ætlandi að rata. "En það viltust allir, nema þeir sem voru með mér", sagði Bjarni síðar frá. "En þeir vissu ekki eftir hverju ég fór - ég fór eftir stjörnunum."

Þegar Bjarni var í Vallanesi átti hann fola rauðan mesta kostagrip en óviðráðanlegan í fjöri. Einu sinni reið Bjarni honum heimleiðis til Vallaness. Þegar hann kom á Nesið ærðist folinn svo Bjarni fékk lítt haldið honum, enda er þar reiðvöllur góður, en eins og víða þröngir troðningar, og djúpir. Nú sem folinn rýkur á sprettinum verður fyrir honum djúpur troðningur svo að Bjarni spyrnti fótum í jörð, losnaði þá hnakkurinn af folanum við rykkinn og Bjarni sat eftir með hann í klofinu - en folinn hefir ekki sézt síðan.

Einusinni var Bjarni á rjúpnaveiðum og skall þá á hann sótsvartur bylur. Ekki vildi Bjarni hætta að skjóta fyrir því, því mikið var af rjúpum, heldur hélt hann áfram að og skaut á hljóðið í rjúpunum. Morguninn eftir var létt veðrinu og tindi Bjarni þá upp 50 rjúpur.

Bjarni var einhverjusinni á sjó á Eskifirði að skjóta. Hafði hann þá róid upp undir land í Hólmanesinu og skotið þar einn fugl. Komu þeir þá til hans Hlíðarendabréður sem líka voru á sjó. Spurðu þeir hann hvort hann hefði skotið nokkuð. "ekki nema einn skarf", og sýndi þeim fuglinn. "ekki er þetta skarfur" sögðu þeir "heldur hrafn". "Hvaða bölfuð vitleysa" segir Bjarni, "skarfur er það því ein er í honum vígtönnin".

Fleiri sögur eru einkennilegar um fuglaþekkingu Bjarna. Um vortíma var Bjarni á gangi meðfram sjónum fyrir innan aðalporpið í Eskifirði með einhverjum fleirum, sá hann þá fugla í fjörunni, þetta voru tamdar endur sem einhver átti. "Nei sko gæsirnar" segir Bjarni. "Þetta eru ekki gæsir" segja félagar hans, "það eru endur". "Já, en það verða gæsir", kvað Bjarni.

Verzlunarmenn hjá Sameinuðu Íslenzku verzlunum á Eskifirði voru einusinni að gefa snjótitlingum um veturinn kringlumylsnu. Bar þá Bjarna þar að. "fallegir fuglar þetta", sagði Bjarni. "Snjótitlingar á veturna og márátlur á sumrin".

Öðru sinni kom Bjarni af sjó og hafði þá skotið einn svartfugl og einn haftyrdíl. "Skaut hann ekki" kvað Bjarni "hann var bara fyrir".

Þegar fréttist að Ahrenberg hinn sænski væri kominn til Reykjavíkur á flugvél, sagði Bjarni svo frá því að Ahrenberg væri fyrsti Svíinn sem hefði komið hingað til lands á bíl.

Bjarni var ráðinn eftirlitsmaður með línukerfi símans á Eskifirði og átti hann að gera við bilanir. Þótti honum upphefð að því og starfið ærið vandasamt. Sagðist hann hafa gert sér kort yfir allar línurnar og þyrfti hann ekki annað en líta á kortið til þess að sjá hvar bilað væri. Þó hafði einhver villa slæðst inn í kortið svo hann gat ekki alltaf verið viss. Enda þótti mönnum sem svo væri.

Eftir að Bjarni var orðinn línumaður símans bilaði síminn í bankanum, og var Bjarni fenginn til að gera við hann. Gerði hann margar tilraunir og fann ekki bilunina. Var hann þá spurður hvað mundi vera að. "Ég veit það" sagði Bjarni "það er bilaður í símaðhöldum. En svo er einhver hluti mótorvéla nefndur, en kve ekki vera hafður í símaðhöldum. Þorvarður Sölvason, sem þá um eitt skeið var kaupfélagsstjóri á Eskifirði fékk sér fyrstur manna hér viðvarpsmóttökutæki og setti Bjarni það upp, eða aðstoðaði við það. Þótti hannum

það mikið verk og dásamlegt tæki. Þegar búið var að setja upp áhaldið fór Bjarni að hlusta, var þá ólag á tækinu og heyrðist urg eitt. Þorvarður spyr Bjarna hvort hann heyri nokkuð. "Já segir Bjarni, "ég heyri ágætlega". "Hvað er það sem þú heyrir?" "Brim í London".

Bjarni hafði heyrt að setja ætti upp hér við land firðvita, og sagði svo frá því: "Nú er búið að finna upp nokkuð sem fyrirbyggir alla skipatapa, það eru svokallaðir "radio-
vitar", og á að setja þá á hvert einasta sker kring um allt Ísland. Vitarnir eru svo úr garði gerðir að þeir kalla í sífellu: "Hér er sker, hér er sker, og það verður til þess að enginn maður fer upp á neitt sker."

Í vetur var sem kunnugt er frost mikið á meginlandi Evrópu. Bjarni hafði heyrt getið um það og sagði frá því að í Þýskalandi hefði kuldin verið svo mikill að kærustupar nokkurt sem ætlaði gangandi til prestsins til þess að láta hann gifta sig fékk svo mikið af kuldanum á leiðinni að "þau voru bæði liðin lík þegar þau komu til prestsins".

Einhverjusinni var Bjarni að vinna við að slá til síldartunnur niðri á bryggjusporði, þar voru og nokkrir drengir að dorga smáfisk. Kom þá einn þeirra lifandi upsa í vasa Bjarna án þess að hann vissi af. Allt í einu rýkur Bjarni upp, hendir frá sér "dixli" og áx "drífholti" og segir: "Jesús minn, það er lifandi rotta í vasa mínum". Í því kemur Karl Bender verzlunarmaður þar að og segir: "Þú skalt drepa hana". Bjarni lætur ekki segja sér það tvisvar heldur grípur báðum höndum utan um treyjuhornið og mer og kremur milli handa sinna, svo það brakar í upsanum. "Nú er hún dauð", segir Bjarni, en í sama bili fer upsinn að sprikla aftur. Bjarni byrjar þá á nýjan leik og snýr nú og kreistir unz ekkert lífsmark er lengur að finna. "Nú er hún áreiðanlega dauð" segir hann. "taktu hana þá uf vasanum" segir Karl. Bjarni hyggst að gera svo og rekur hendina ofan í vasann en kippir henni fljótt að sér aftur og segir: "Ah, hún er blaut". "Taktu hana upp, maður" segir Karl. Bjarni gerir svo og sér þá að þetta er upsi en engin rotta. Hann horfir forviða á hann litla stund en segir svo, "nú skil ég - hann hefir stokkið upp" - úr sjónum meinti hann.

Bjarni sá pappírshníf frá smjörlíkisgerðinni "Akra" á Akureyri, sem hún hafði sent viðskiftavinum sínum. Minnti það Bjarna á hús sem smjörlíkisgerðin hafði verið að láta byggja "það er meira húsið", sagði Bjarni, ég sá það þegar ég var á síldveiðum fyrir norðan, það var þá verið að reisa það". "er það ákaflega stórt?" var hann spurður. "hvað er kjallarinn stór?" "Kjallarinn? það var nú ekki byrjað á honum."

Eins og nýlega er frá sagt var Bjarni á síldveiðum fyrir Norðurlandi. Var hann matsveinn á M "Njáli", sem Sameinuðu verzlunirnar á Eskifirði gerðu út. Hafði hann aldrei við matreiðslu fengist fyrr, og þótti skipverjum ekki góður maturinn, en Bjarni bar fyrir sig Kvennafræðarann sem hann las jafnan í á meðan hann bjó til matinn og þótti skipverjum honum standa nær að hugsa um að ekki brynna græturinn í pottinum en að vera að lesa Kvennafræðarann á meðan hann var að sjóða. Fyrst þegar Bjarni kom um borð í "Njál" og hafði kveikt upp eldinn, vissu hásetar ekki fyrr til en hann kom hlaupandi upp á þiljur og gáir lengi og vandlega upp í loftið. Þeir spyrja að hverju hann gái. "Ég er að gá að því hvort reykurinn komi upp" svaraði hann.

Í febrúarmánuði 1924 kom hér á Eskifirði geysilegt norð-vestan hvassveður, svo skemmdir urðu allmikla, fuku járnþynnur af húsaþökum, sleit upp báta og eitt hús - ljósmyndaskúr Sveins Guðnasonar f auk í heilu lagi af grunni. Bjarni sagði svo frá veðrinu að húsið hefði ~~verið~~ ^{stítt} mótrað svo að hann hefði varla getað haldið sér á "Heiðu sinni" (konu hans) - mun hafa meint að hann hafi e ekki getað haldið sér og "Heiðu sinni", en orðalagið er ekki alltaf valið hjá Bjarna. Loks brotnaði glugginn og ætlaði þá allt í háa loft. Hafði Bjarni þá skjót ráð, greip tengda-móður sína upp út rúminu, vafði hana í sægunum og tróð öllu saman upp í brotna gluggan og studdi þar við unz veðrinu slotaði.

Jón gjaldkeri Pálsson í Reykjavík hafði selt Ólafi kaupfélagsstjóra á Eskifirði orgel og það Ólafur Bjarna að reyna það, því Bjarni er organleikari við kirkjuna. Aldrei sagðist Bjarni hafa vitað önnur eins hljóð í nokkru orgeli, því fyrst þegar hann snerti á því þeyttist hann út í horn í stofunni, svo var krafturinn mikill og ekki gat hann öðruvísi leikið á það en að tveir karlmenn héldu honum á stólum á meðan.

Bjarni var fyrr meir mikill skíðamaður. Einusinni kom hann á skíðum norðan úr Norðfirði og fór Oddsskarð. Er það allbratt. Hann lenti í byl og sá ekki hvar hann fór og lenti fram af hengju. Tók þá af honum húfuna í fallinu, en þegar hann kom niður á jafnsléttu fann hann eitthvað skella á höfuðið á sér. Var þar þá komin húfan og hafði alltaf haldist í loft-hvirflinum beint upp af honum. Oft fór Bjarni niður svo brattar brekkur án þess að detta að farið sást eftir hnakkann á honum í fönninni.

Einu sinni meðan Bjarni var í Ólafsdal var verið að sprengja stóran stein flatan sem var þar í túninu og þótti óþurft að. Naut var þar á bænum afar-mannýgt. Nú sem búið er að tendra íkveykjupráðinn að sprengiefninu kemur boli bölfandi og rennur rétt yfir steininn í þeim svifum að springur, hendist hann ~~í~~ ^í loft upp og svo hátt að þegar hann kom niður sókk hann upp undir kvið í hörðum túnbalanum. "En eftir það var boli aldrei mannýgur".

Kristján Sveinsson.

://: Er hún Skjalda borin ://:
hún var ekki borin þegar ég fór.
://: Er hann Flekkur fundinn? ://:
hann var ekki fundinn þegar ég fór.
://: Hann Hálfðan gekk upp á Grenishjalla
og ekki var hann þar. ://:

://: Hvar gistir þú pabbi? ://:
://: Hvar gistirðu í Færeyjum ://:
://: Ég gisti hjá honum Jóni Péttri ://:
://: en Einar hjá Absalon ://:

Margar eru fleiri góðar sögur af Kristjáni þótt ég kunni ekki að segja frá þeim.

-----O-----